

## Reglur nemendafélags Stóru-Vogaskóla

1. Nemendafélag Stóru-Vogaskóla er félag allra nemenda skólans.
2. Kosið er í stjórn nemendafélagsins að vori fyrir næst komandi skólaár. Kosnir eru tveir nemendur úr hverjum árgangi 7.8. og 9.bekkar. Stjórn nemendafélagsins skal starfa fram að kosningu næstu stjórnar og ljúka störfum á sameiginlegum fundi fráfarandi stjórnar og þeirrar sem tekur við. Þar fara stjórnirnar yfir það sem var gert og hvernig til tókst.
3. Formannskosning. Fulltrúar 9.bekkar geta boðið sig fram í formannsembætti nemendafélagsins. Þeir sem bjóða sig fram fá tækifæri til að kynna sig og stefnu sína á fundi á sal skólans. Kosning fer fram í kjölfar fundarins.
4. Formannsembættið skiptist í formann og gjaldkera og er fyllt af fulltrúum 10. bekkjar
5. Fulltrúar 9. bekkjar skipa fulltrúa peppnefndar og skreytingarnefndar.
6. Fulltrúar 8. bekkjar skipa fulltrúa sjoppunefndar.
7. Stjórn nemendafélagsins sér um að skipuleggja og halda uppi viðburðum og dagskrá í Félagsmiðstöðinni. Einnig skal stjórnin leitast eftir að færa gleði og ánægju inn í skólalíf nemenda með ýmsum uppákomum á skólaárinu. Á vordögum skal nemendafélagið sjá til þess að 7.bekkur fái að njóta samvista með nemendum 8. og 9. bekkjar í einhvers konar uppákomu og skulu þau boðin velkomin í eldri deildir á eftirminnilegan hátt.
8. Stjórn nemendafélagsins ber ábyrgð á því að fram fari öflugt félagslíf innan skólans og vinnur að því með fulltrúa starfsmanna sem er tengiliður nemendafélagsins við stjórnendur og aðra starfsmenn skólans.

9. Stjórn nemendafélagsins lætur sig varða allt það sem getur stuðlað að aukinni félagslegri þátttöku nemenda og kemur að því með virkum hætti þannig að koma megi því svo fyrir að nemendafélagið njóti góðs af. Nemendafélagið gerir einnig allt það sem það getur til að koma í veg fyrir að félagslíf nemenda skerðist á einn eða annan hátt vegna utanaðkomandi áhrifa.
10. Nemendaráð fundar tvisvar á ári með stjórnendum skólans. Skólastjórnendur geta leitað eftir umsögn nemendaráðs um málefni er varða nemendur skólans.
11. Nemendaráð tekur virkan þátt í starfsemi félagsins með þátttöku í viðburðum og dagskrá.

Reglur þessar voru samþykktar á nemendaráðsfundi 24. nóvember 2017 (reglur verða endurskoðaðar fyrir kosningar vorið 2018).